

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Ragnars Björnssonar, Ríkharðs Árnasonar, Reynis Björnssonar, Jóhanns S. Marteinssonar, Steindórs Úlfarssonar og Sigurvins Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður stefnenda ákveðst kr. 25.000.00 og greiðist úr ríkissjóði. Af þessari fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnenda, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 24.000.00.

Mánudaginn 14. febrúar 1972.

Nr. 107/1971. **Ladsbanki Íslands**

(Jóhannes Jóhannsson hdl.)

gegn

**Jónasi Ásmundssyni, Friðriki Kristjánssyni,
Hjálmarí Ágústssyni og Verkalýðsfélaginu
Vörn og til réttargæzlu Arnfirðingi h/f**

(Jón E. Ragnarsson hdl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds,
Gizur Bergsteinsson og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.**

Úthlutun uppboðsandvirðis lausafjár. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 29. júlí 1971. Krefst hann þess, að af uppboðsandvirði freðfisksbirgða Arnfirðings h/f, sem seldar voru á nauðungaruppboði 22. júní 1971, verði honum greiddar samtals kr. 1.217.615.00 auk 1% dráttarvaxta af kr. 1.315.981.00 frá 7. júlí 1971 til 3. ágúst sama ár og af kr. 1.215.615.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og kostnaður og innheimtulaun í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Með stefnu 24. september 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m., stefndi áfrýjandi Arnfirðingi h/f fyrir Hæstarétt til réttargæzlu í máli þessu. Á hendur réttargæzlustefnda hafa engar kröfur verið gerðar, og af hans hendi hafa eigi verið gerðar kröfur.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða úrskurði.

Í hinu opna bréfi frá 11. desember 1869 er vísað til opins bréfs frá 23. júlí 1819, en þar sagði, „að allar þær skulda-kröfur, hverjum lög og tilskipanir veita forrétt við skulda-samkröfur fyrir einföldum handskriftakröfum, skuli fram-vegis forrétt hafa fyrir kröfum, fyrir hverjum veð er sett (pantur) í öðru fé en fasteignum ...“.

Fallast má á þá skoðun héraðsdóms, að ákvæði opna bréfs-ins frá 11. desember 1869 séu enn í gildi, að því leyti sem yngri lagaákvæði hafa eigi vikið ákvæðum þess til hliðar.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi talið, að stefndu hafi eigi gætt þess að reyna fyrst aðför í óveðsettum eignum Arn-firðings h/f til tryggingar kröfum þeim, sem um er fjallað í málinu. Hafi þeir eigi mátt gera aðför í hinu veðsetta lausa-fé og fá þannig í því forgangsrétt frammar veðkröfum, fyrr en sannað var, að eigi fékkst lúkning krafna af verðmæti óveðsettra eigna, sbr. 2. msl. opna bréfsins frá 11. desember 1869.

Áfrýjandi lét sækja þing, er framkvæmd voru fjárnám þau, sem kröfur stefndu Jónasar, Friðriks og Hjálmars byggj-ast á, og andmælti þá rétti þeirra. Eigi krafðist hann þó úr-skurðar fógeta um deiluatriðin, og eigi hefur hann áfrýjað fjárnámum þessum. Koma því fyrrgreindar varnarástæður þegar af þeirri ástæðu eigi til greina, að því er varðar kröfur þessara stefndu.

Áfrýjandi var eigi viðstaddur, er framkvæmt var fjárnám til tryggingar kröfum stefnda Verkalýðsfélagsins Varnar hinn 22. júní 1971. Hins vegar lýsti umboðsmaður hans því yfir á uppboðsþingi sama dag, að áfrýjandi „muni gera upp við Verkalýðsfélagið Vörn, Bíldudal, verði Landsbanki

Íslands uppboðskaupandi að freðfiskbirgðunum“. Í rekstri málsins fyrir uppboðsdómi hafði áfrýjandi ekki uppi varnir, byggðar á því, að stefndu hefðu eigi sannað, að þeir gætu eigi fengið tryggingu fyrir kröfum sínum í óveðsettum eignum Arnfirðings h/f, sbr. 2. msl. opna bréfsins frá 11. desember 1869. Þegar þetta er virt, eru ekki, eins og sakir standa, efni til að taka framangreinda varnarástæðu heldur til greina, að því er varðar stefnda Verkalýðsfélagið Vörn.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann, en fjárhæðir hafa ekki sætt andmælum né að um vinnulauna-kröfur sé að ræða.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu kr. 60.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Landsbanki Íslands, greiði stefndu, Jónasi Asmundssyni, Friðriki Kristjánssyni, Hjálmari Ágústssyni og Verkalýðsfélaginu Vörn, kr. 60.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara og Gauks Jörundssonar prófessors.

Með opnu bréfi 11. desember 1869 voru forréttindi þau, sem opið bréf 23. júlí 1819 veitti nánar tilgreindum kröfum fyrir sjálfsvörzluveði í lausafé, látin ná einnig til þess tilviks, er gerð væri aðför til lúkningar slíkum forgangskröfum, þó eigi væri hú skuldunauts tekið til gjaldprotaskipta. Þó er svo kveðið á í 2. msl. opna bréfsins 1869, að ekki megi „með slíkri gerð taka til veðsetts lausafjár, ef og að svo miklu leyti sem til eru óveðsettir fjármunir, er taka má lögtaki til lúkningar forgangskröfunni“.

Hið opna bréf frá 11. desember 1869 verður að telja enn

í gildi, enda verður ekki á það fallið með áfrýjanda, að það sé brott fallið fyrir notkunarleysi. Þó verður nú, ef því skal beita, að leggja til grundvallar fyrirmæli í skiptalögum nr. 3/1878 um forgangskröfur í stað ákvæða opins bréfs 23. júlí 1819, sem til er vísað. Hefur síðastnefnt opið bréf og verið formlega úr gildi fellt með 202. gr. laga nr. 27/1951.

Í máli þessu halda stefndu því fram, að sjálfsvörzluveðréttur áfrýjanda í fiskbirgðum Arnfirðings h/f verði samkvæmt hinu opna bréfi að víkja fyrir kröfum þeirra, er séu réttthærri en sjálfsvörzluveð í lausafé samkvæmt 5. tl. b liðar 83. gr., sbr. 89. gr. skiptalaga, sbr. einnig 8. mgr. 4. gr. veðlaga nr. 18/1887, svo sem henni hefur verið breytt með 2. gr. laga nr. 87/1960.

Áfrýjandi hefur hins vegar haldið því fram fyrir Hæstarétti, auk málsástæðna þeirra, er hann hafði uppi fyrir uppboðsrétti, að jafnvel þótt opna bréfið frá 11. desember 1869 teldist enn í gildi, verði ákvæðum þess þó eigi beitt í þessu máli, þar sem í ljós hafi verið leitt, að Arnfirðingur h/f hafi átt nokkurt óveðbundið lausafé, er stefndu gerðu fjárnám hjá honum. Hafi stefndu eigi gætt skilyrðis 2. msl. opna bréfsins að reyna fyrst fjárnám í þeim verðmætum, áður en þeir gengu að veði áfrýjanda.

Áfrýjandi lét mæta í fógetarétti hinn 17. maí 1971, er gert var fjárnám í hinum veðsettu fiskbirgðum að kröfu stefndu Jónasar, Friðriks og Hjálmars. Við fjárnám það, er gert var 22. júní 1971 til tryggingar kröfum stefnda Verkalýðsfélagsins Varnar, var enginn mættur af hans hálfu, en umboðsmaður hans sótti þing, er nauðungaruppboð fór fram sama dag.

Er áfrýjandi krafðist þess fyrir uppboðsrétti, að veðréttur hans gengi fyrir fjárnámi stefnda, hreyfði hann því eigi sem málsástæðu, að ekki hefði verið gætt fyrrgreinds skilyrðis 2. msl. hins opna bréfs frá 1869. Hins vegar lýsti umboðsmaður hans því yfir, að áfrýjandi „muni gera upp við Verkalýðsfélagið Vörn, Bildudal, verði Landsbanki Íslands uppboðskaupandi að freðfiskbirgðunum“. Við fjárnámið 17. maí 1971 andmælti áfrýjandi að vísu, að fjárnám stefndu

Jónasar, Friðriks og Hjálmars gengju fyrir veðrétti hans, en eigi studdi hann þau andmæli við nefndan 2. msl., að því er séð verður, né heldur hélt hann því fram, að til væri óveðbundið lausafé, er að mætti ganga. Með skirskotun til þessa og eins og hér stendur á, kemur varnarástæða þessi eigi nú til álita.

Eftir málflutningi aðilja verður að leggja til grundvallar, að kröfur allra stefndu séu forgangskröfur samkvæmt 5. tl. b liðar 83. gr. skiptalaga. Ganga þær því fyrir sjálfsvörzlu-veðrétti áfrýjanda, sbr. 89. gr. skiptalaga, 8. mgr. 4. gr. veðlaga og fyrirmæli margnefnds opins bréfs. Með þessum forsendum erum við samþykkir niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Úrskurður uppboðsdóms Barðastrandarsýslu 13. júlí 1971.

Á nauðungaruppboið, er haldið var á Bíldudal þriðjudaginn 22. júní s.l., voru seldir ýmsir lausafjármunir í eigu Arnfirðings h/f samkvæmt kröfu Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns vegna ýmissa umbjóðenda hans samkvæmt fjárnámum. Auglýsing um uppboðið hafði verið birt í Morgunblaðinu 15. júní 1971, og að auki höfðu auglýsingar verið birtar í kauptúninu, svo sem tíðkanlegt er.

Á dómþingi uppboðsréttarins, er háð var 7. júlí s.l., var tekið fyrir að úthluta kröfuhöfum af uppboðsandvirðinu. Samkomulag varð um úthlutun andvirðis allra lausafjármunanna nema freðfiskbirgða.

Freðfiskbirgðir þessar voru eign Arnfirðings h/f, en út á þær hafði Landsbanki Íslands veitt afurðalán samkvæmt framleiðslulánasamningum. Þá hafði Jón E. Ragnarsson héraðsdómslögmaður f. h. umbjóðenda sinna, Jónasar Ásmundssonar, Friðriks Kristjánssonar og Hjálmars Ágústssonar, allra á Bíldudal, gert fjárnám í fiskbirgðum þessum þann 17. maí 1971. Lýsti fógeti þá yfir fjárnámi í „fiskbirgðum gerðarþola skv. skýrslu um frystar fiskafurðir pr. 15. maí 1971, skýrsla nr. 10, en hún er til Landsbanka Íslands“.

Þá var þann 22. júní 1971 gert fjárnám í sömu fiskbirgðum að kröfu Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns f. h. Verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal.

Á sölupinginu 22. júní s.l. voru, svo sem að framan greinir,

seldar fiskbirgðir samkvæmt ofangreindri tilgreiningu. Hæstbjóðandi varð Jón E. Ragnarsson héraðsdómslögmaður f. h. umbjóðenda sinna, og var honum sleginn fiskurinn á kr. 1.436.000.00. Næst hæstbjóðandi var Stefán Pétursson hæstaréttarlögmaður, og bauð hann kr. 1.435.000.00.

Uppboðskostnaður nam kr. 148.335.00, og koma því til úthlutunar af söluverðinu kr. 1.287.665.00.

Á söluþinginu gerði umboðsmaður Landsbanka Íslands kröfu um, að fiskveð Landsbanka Íslands gengi fyrir öllum fjárnámskröfum. Því var þá þegar mótmælt af umboðsmanni Verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal, svo og af umboðsmanni uppboðsbeiðanda, sem krafðist þess, að kröfur umbjóðenda sinna kæmu fyrst til greiðslu af uppboðsandvirði.

Er uppboðsrétturinn var háður á skrifstofu setts sýslumanns 7. júlí s.l., var mætt f. h. Jónasar Ásmundssonar, Friðriks Kristjánssonar og Hjálmars Ágústssonar, allra á Bíldudal, af hálfu Landsbanka Íslands og af hálfu Verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal, en það eru þeir aðiljar, er til greina koma við úthlutun uppboðsandvirðisins.

Lýstu umboðsmenn ofangreindra aðilja því yfir í réttinum, að óhugsandi væri, að samkomulag næðist í réttinum um skiptingu uppboðsandvirðisins, og óskuðu eftir formlegum úrskurði uppboðshaldara um úthlutunina.

Fór þá fram munnlegur málflutningur um ágreiningsefnið.

Ítrekaði umboðsmaður Landsbanka Íslands áður gerðar kröfur sínar um, að af uppboðsandvirðinu yrði fyrst greitt upp í kröfu Landsbanka Íslands, sem nú næmi, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, kr. 1.405.581.00 og tryggð væri með 1. veðrétti í fiskafurðum Arnfirðings h/f samkvæmt framleiðslulánasamningum, dags. 27. maí 1970, 23. febrúar 1971 og 17. marz 1971.

Umboðsmaður Jónasar Ásmundssonar o. fl. mótmælti kröfu Landsbanka Íslands og krafðist þess, að krafa umbjóðenda sinna, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, sem nú næmi samtals kr. 744.152.00, yrði greidd sem forgangskrafa við úthlutun uppboðsandvirðisins. Eftir atvikum kvaðst hann fallast á, að lítið yrði á kröfur umbjóðenda sinna og kröfu Verkalýðsfélagsins Varnar sem jafnréttháar, enda nytu þá báðar kröfurnar forgangsréttar umfram kröfu Landsbanka Íslands.

Af hálfu Verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal, var þess krafizt, að krafa verkalýðsfélagsins gengi fyrir kröfu Landsbanka Íslands, og jafnframt var því lýst yfir af hálfu verkalýðsfélagsins,

að fallizt væri á, að litið yrði á kröfur uppboðsbeiðanda og verkalýðsfélagsins sem jafnrétttháar.

Umboðsmaður Landsbanka Íslands reisir kröfur sínar á því, að Landsbanki Íslands eigi samkvæmt framleiðslulánasamningum 1. veðrétt í umræddum fiskbirgðum. Ákvæði 4. gr. veðlaganna nr. 18/1887 eigi einungis við, þegar um sé að ræða skipti, en eigi sé um slíkt að ræða í þessu tilfelli, þar sem Arnfirðingur h/f sé eigi gjaldþrota. Þá taldi umboðsmaður Landsbanka Íslands, að þar sem veðlögin væru yngri, einkum þó þetta ákvæði 4. gr. opins bréfs frá 11. desember 1869, gengju veðlögin fyrir, enda þótt litið yrði svo á, að opna bréfið væri enn í gildi. Þá gildi kröfuröð samkvæmt skiptalögum einungis við skipti, en um kröfuröðun við úthlutun uppboðsandvirðis beri að fara eftir veðlögum nr. 18/1887. Af því leiði hins vegar, að veðréttur Landsbanka Íslands gangi fyrir aðfararveðum uppboðsbeiðanda og verkalýðsfélagsins og skipti eigi máli í því sambandi, að um sé að ræða aðfararveð fyrir vinnulaunakröfum.

Af hálfu uppboðsbeiðanda, Jónasar Ásmundssonar o. fl., var því haldið fram, að krafa þeirra, sem væri krafa vegna vinnulauna, yngri en eins árs, ætti með skýrskotun til 4. gr. veðlaga og opins bréfs frá 11. desember 1869 að njóta forgangs við úthlutun uppboðsandvirðisins. Það væri augljós tilgangur löggjafans að vernda sérstaklega þær kröfur, er greindar væru sérstaklega í 4. gr. veðlaganna, þ. e. þær kröfur, er taldar væru í 3. og 5. tölulið b liðar 83. gr. laga nr. 3/1878. 4. gr. veðlaganna veitti afurðalánum bankastofnana forgangsrétt umfram þær kröfur, er taldar eru í 83. gr. skiptalaganna, að þeim frátöldum, er greinir í 3. og 5. tölulið b liðar þeirrar greinar. Þetta gildi við gjaldþrotaskipti almennt, en opna bréfið frá 11. desember 1869 kvæði á um, að þetta gildi einnig um aðfarargerðir, án þess að öllu búi skuldunauts sé skipt sem gjaldþrota.

Af hálfu umboðsmanns Verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal, var tekið undir rökstuðning umboðsmanns uppboðsbeiðanda og lögð áherzla á, að opna bréfið frá 11. desember 1869 væri enn í fullu gildi og bæri því að veita kröfum verkalýðsfélagsins forgang fram yfir kröfu Landsbanka Íslands, enda væri þar um að ræða vinnulaunakröfur, er yngri væru en eins árs.

Álit réttarins.

Til úthlutunar eru kr. 1.287.665.00. Landsbanki Íslands á kröfu að fjárhæð kr. 1.405.581.00 að meðtöldum kostnaði og vöxtum, sem tryggð var með sjálfsvörzluveði í umræddum fiskbirgðum.

Jónas Ásmundsson á kröfu vegna vinnulaunatímabilsins 1. júlí 1970 til 10. marz 1971, sem nemur að meðtöldum vöxtum og kostnaði kr. 503.651.00. Hjálmar Ágústsson á kröfu vegna vinnulauna fyrir tímabilið frá 1. nóvember 1970 til 31. janúar 1971 að fjárhæð með vöxtum og kostnaði kr. 121.945.00. Friðrik Kristjánsson á kröfu vegna vinnulauna fyrir tímabilið 1. nóvember 1970 til 31. desember 1970 að fjárhæð kr. 118.556.00 að meðtöldum vöxtum og kostnaði.

Ofangreindar kröfur þeirra Jónasar, Hjálmars og Friðriks voru tryggðar með aðfararveði í fiskbirgðum samkvæmt fjárnámum, gerðum 17. maí 1971.

Verkalýðsfélagið Vörn, Bíldudal, á fyrir hönd meðlima sinna kröfu vegna vinnulauna, sem nema að meðtöldum vöxtum og kostnaði kr. 716.791.80. Krafan er tryggð með aðfararveði í fiskbirgðum með fjárnámi, er gert var 22. júní 1971.

Í 4. gr. veðlaganna nr. 18/1887 er m. a. sérstaklega fjallað um réttarstöðu afurðalána bankastofnana. Þar er einungis að finna ákvæði um, að kröfur samkvæmt 3. og 5. tölulið b liðar 83. gr. skiptalaganna gangi fyrir sjálfsvörzluveði í fiskbirgðum. Þetta síðastnefnda ákvæði er sett með lögum nr. 87/1960. Það ákvæði á sér þó eldri sögu og er upphaflega bætt inn í lög nr. 18/1887 með 1. gr. laga nr. 46/1933. Í greinargerð með þeim lögum svo og umræðum, er fóru fram um lögin á Alþingi, er ljóst, að eigi hefur verið rætt um annað en að veita afurðalánnum bankastofnana forgang við gjaldþrotaskipti umfram kröfur samkvæmt 83. gr. skiptalaganna að þeim kröfum, er taldar eru í b lið 3. og 5. tölulið frátöldum, og það enda þótt 89. gr. skiptalaganna mælti fyrir um hið gagnstæða.

Löggjafarvaldið hefur ætíð heldur amazt við sjálfsvörzluveði í lausafé, einkum þó er um heildarveðsetningu hefur verið að ræða. Þó hefur verið gerð sú undantekning, að bankastofnunum hefur verið veitt sú aukna vernd, er um getur í 4. gr. veðlaganna, er um gjaldþrotaskipti er að ræða.

Í opnu bréfi frá 11. desember 1869 segir svo:

„Forréttindi þau, sem opið bréf 23. júlímán. 1819 veitir forgangskröfum þeim, sem þar er um rætt, fyrir sjálfsvörzluveði því í lausafé, sem fengið er eftir auglýsingu téðs opins bréfs, skulu einnig koma til greina, þegar gerð er aðför eða fjárnám til lúkn-ingar slíkrar forgangskröfu, án þess nauðsynlegt sé til framkvæmdar greindra forréttinda að heimta, að öllu búi skuld-nautsins sé skipt sem gjaldþrota ...“.

Á ákvæði þessa opna bréfs verður að líta sem undanfara reglunnar, er felst í 89. gr. skiptalaganna um, að skuldir samkvæmt 83. gr. skiptalaganna gangi fyrir sjálfsvörzluveði í lausafé, er byggist á samningi. Telja verður, að ákvæði opna bréfsins frá 11. desember 1869 séu enn í fullu gildi, að svo miklu leyti sem önnur lög hafa eigi vikið þeim til hliðar.

Í opna bréfinu felst sú regla, að eigi er þörf á að skipta öllu búi uppboðspóla gjaldþrotaskiptum, svo að hægt sé að beita reglunni um forgangsrétt krafna samkvæmt 83. gr. skiptalaganna, sbr. og 89. gr. sömu laga.

4. gr. laga nr. 18/1887 veitir afurðalánum bankastofnana aukinn rétt við gjaldþrotaskipti, þó ekki umfram þær kröfur, er greinir í b lið 3. og 5. tölulið 83. gr. skiptalaganna. Þar sem einungis er átt við gjaldþrotaskipti í nefndu ákvæði 4. gr. veðlaganna, er því þegar ljóst, að réttur slíkra afurðalána, sem hér er um rætt, hefur ekki verið aukinn í öðrum tilvikum, og ber því að fara eftir ákvæðum opins bréfs frá 11. desember 1869 við úthlutun uppboðsandvirðis.

Í samræmi við ofanritað verður uppboðsandvirði úthlutað svo sem hér segir:

Til úthlutunar kr. 1.287.665.00.

Samkvæmt samkomulagi er úthlutað hlutfallslega jafnt upp í kröfur uppboðsbeiðanda og Verkalýðsfélagsins Varnar, sem njóta forgangsréttar samkvæmt ofangreindu umfram kröfu Landsbanka Íslands.

Af forgangskröfum greiðist 88.1392%, og skiptist það þannig:

- 1) Af kröfu Jónasar Ásmundssonar, að fjárhæð kr. 503.651.00, greiðast kr. 443.915.00.
- 2) Af kröfu Hjálmars Ágústssonar, að fjárhæð kr. 121.945.00, greiðast kr. 107.481.00.
- 3) Af kröfu Friðriks Kristjánssonar, að fjárhæð kr. 118.556.00, greiðast kr. 104.494.00.
- 4) Af kröfu Verkalýðsfélagsins Varnar, að fjárhæð kr. 716.791.80, greiðast kr. 631.775.00.

Upp í kröfu Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 1.405.581.00, sem tryggð var með sjálfsvörzluveði í fiskafurðum Arnfirðings h/f, greiðist ekkert.

Málkostnaðar hefur eigi verið krafizt.

Úrskurð þennan kvað upp Kristján Torfason, settur sýslumaður í Barðastrandarsýslu.

Úrskurðarorð:

Uppboðsandvirði freðfiskbirgða, er seldar voru á nauðungaruppboði á Bíldudal 22. júní 1971, skal skiptast sem hér segir:

Upp í kröfu Jónasar Ásmundssonar greiðast kr. 443.915.00, upp í kröfu Hjálmars Ágústssonar greiðast kr. 107.481.00, upp í kröfu Friðriks Kristjánssonar greiðast kr. 104.494.00, og upp í kröfu Verkalýðsfélagsins Varnar, Bíldudal, greiðast kr. 631.775.00.

Engin greiðsla kemur upp í kröfur Landsbanka Íslands. Málskostnaður úrskurðast eigi.

Föstudaginn 18. febrúar 1972.

Nr. 61/1971. **Marý Valdís Jónsdóttir vegna sjálfrar sín og f. h. ófjárráða dóttur sinnar, Önnu Steinunnar Jónsdóttur,**
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)
gegn
Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarfélagi bænda og gagnsök
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Líkamsmeiðsl.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1971. Krefst hann þess, að gagnáfrýjendum verði gert að greiða honum alls kr. 994.442.00 með 7% ársvöxtum frá 3. marz 1968 til greiðsludags, að frádregnum kr. 75.000.00. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en aðaláfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, hefur fengið gjaf-